

Innviðafjárfestingar

Tækifæri fyrir lífeyrissjóði og aðra fjárfesta ?

Porkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands



Hvers vegna auknar innviðafjárfestingar ?

- Fjárfesting í innviðum eykur samkeppnishæfni landa og styður við aukinn hagvöxt með aukinni framleiðni hins opinbera og einkageirans, fjölgar störfum og bætir líf skjör.

Úr árskýrslu OECD 2015

- Fjárfesting í innviðum hefur verið vanrækt víða hér á landi og nauðsynlegt er að fleiri en ríkið taki virkan þátt í innviðafjárfestingum. Með því má
 - hraða verkefnum,
 - gera þau skilvirkari/árangursríkari og
 - nýta fjármagn og stjórnunarþekkingu víðar að en frá ríkinu.

Hvað eru innviðafjárfestingar

Skipta má innviðafjárfesting í tvo flokka

Efnahagslegir innviðir

- **Samgöngur**
 - Hafnir, flugvelli, vegir, brýr, jarðgöng, bílastæði
- **Veitur**
 - Veitufyrirtæki, orkudreifing, orkuvinnsla, vatn, skólp, sorp
- **Samskipti og gagnaveitur**
 - Samgöngumannvirki, gagnaflutningskerfi

Samfélagslegir innviðir

- **Menntun**
 - Skólar og aðrar menntastofnanir
- **Heilbrigðiskerfið**
 - Mannvirki sem tengist heilbrigðiskerfinu svo sem sjúkrahús og hjúkrunarheimili
- **Opinberar byggingar**
 - Fangelsi, íþróttahús og leikvangar, dómstólar

Eru innviðafjárfestingar áhugaverður kostur ?

- Lág teygni eftirspurnar
 - Raunnotkun innviða er oftast óháð hagsveiflum
- Takmörkuð samkeppni
 - Há upphafs fjárfesting takmarkar innkomu margra á markað og er síður viðkvæm fyrir gagnrýni vegna samkeppni
- Regluverk
 - Aðgangur að innviðum og verðlagning og aðkoma fjárfesta fyrirfram skilgreind
- Langur líftími eigna
 - Innviðir mikilvæg grunnstoð samfélagsins
- Verðtrygging
 - Líklegt er að tekjur af innviðum fylgi verðlagi
- Stöðugt sjóðstreymi
 - Eftir uppbyggingu innviða er sjóðstreymi oftast stöðugt og öruggt.

Hærrí
arðsemiskrafa
en
ríkisskuldabréf

Líftími innviða
fjárfestinga
getur mætt
langtíma
skuldbindingu
fjárfesta



Hvernig er þetta gert erlendis


- Fjármögnunarleiðir eru uppbyggðar m.t.t. eðli einstaka fjárfestinga
 - Skuldabréfaútgáfa
 - Lánsfjármögnun
 - Bein aðkoma fjárfesta
 - Sérhæfðir fjárfestingasjóðir í innviðum
- Notkun „Public Private Partnerships (PPP)“ samninga algeng við fjármögnun verkefna;
 - Samningarnir eru gerðir fyrir hvert og eitt verkefni „project-specific“
 - Grunnur að aðkomu fagfjárfesta og annarra að innviðaverkefnum
- Innviðafjárfestingar eru almennt fjármagnaðar með hærra skuldahlutfalli en önnur fjárfestingarverkefni
 - Stöðugra sjóðstreymi styður hærra skuldahlutfall
 - Skuldahlutfall hefur sögulega verið um 70-90% of heildarfjármögnun verkefna



Hinar ýmsu myndir fjármögnunar

Modes		Infrastructure Finance Instruments		Market Vehicles
Asset Category	Instrument	Infrastructure Project	Corporate Balance Sheet / Other Entities	Capital Pool
Fixed Income	Bonds	Project Bonds	Corporate Bonds, Green Bonds	Bond Indices, Bond Funds, ETFs
		Municipal, Sub-sovereign bonds		
		Green Bonds, Sukuk	Subordinated Bonds	
	Loans	Direct/Co-Investment lending to Infrastructure project, Syndicated Project Loans	Direct/Co-investment lending to infrastructure corporate	Debt Funds (GPs)
Syndicated Loans, Securitized Loans (ABS), CLOs			Loan Indices, Loan Funds	
Mixed	Hybrid	Subordinated Loans/Bonds, Mezzanine Finance	Subordinated Bonds, Convertible Bonds, Preferred Stock	Mezzanine Debt Funds (GPs), Hybrid Debt Funds
Equity	Listed	YieldCos	Listed infrastructure & utilities stocks, Closed-end Funds, REITs, IITs, MLPs	Listed Infrastructure Equity Funds, Indices, trusts, ETFs
	Unlisted	Direct/Co-Investment in infrastructure project equity, PPP	Direct/Co-Investment in infrastructure corporate equity	Unlisted Infrastructure Funds

Source: OECD analysis drawing on OECD (2015b)



Hvaða verkefni gætu verið inní myndinni

Flokkur	Félag	Áætlað virði (ma.) ¹	Hluttur	Áætlað söluvirði (ma.)
1 Fjármál	▪ Landsbankinn hf.	241	98%	236
	▪ Arion banki hf.	140	13%	18
	▪ Íslandsbanki hf.	167	5%	8
	▪ Sparisjóðir	2	70%	1
2 Orka	▪ Landsvirkjun	176	100%	176
	▪ Orkuveita Reykjavíkur	101	100%	101
	▪ Orkusalan	28	100%	28
	▪ Orkubú Vestfjarða hf.	3	100%	3
3 Veitur	▪ Landsnet ²	67	100%	67
	▪ HS Veitur	21	65%	13
	▪ Rarik ohf. ³	13	100%	13
	▪ Farice ehf. ⁴	99	60%	59
4 Atvinna	▪ Isavia ohf.	31	100%	31
	▪ ÁTVR	19	100%	19
	▪ Íslandspóstur hf.	5	100%	5
	▪ Sorpa bs.	4	100%	4
	Samtals			786

Heimild: Viðskiptaráð

- Uppsöfnuð fjárfestingarþörf í innviðum á Íslandi er um 250 ma.kr.
 - 12-15% af vergri landsframleiðslu
- Horft fram á veg til næstu 10 ára má ætla að þörfin sé um 500 ma.kr.
 - 25% af vergri landsframleiðslu
- Mörg áhugaverð tækifæri
- Flest fyrirtæki listans myndu falla að skilgreiningu innviðafjárfestinga
- Mörg fyrirtæki á listanum með mikla fjárfestingarþörf



Af hverju lífeyrissjóðir og aðrir langtímafjárfestar?

- Fjárfesting t.d. lífeyrissjóða og tryggingafélaga í innviðum er skynsamleg í ljósi þess að eðli þeirra fellur vel að hagsmunum sjóðsfélaga. Almennt hefur fjárfesting lífeyrissjóða í innviðum erlendis aukist undanfarin ár.
- Innviðir þurfa þolinmótt fé og langur líftími fjárfestinganna hentar vel sjóðum með langtíma skuldbindingar.
- Fjárfestingar í innviðum hafa verið litlar hér, ef frá eru talin Hvalfjarðargöngin. Fjárfesting í innviðum eykur áhættudreifingu sjóða.
- Regluverk – skráð/óskráð eign – aðlaga þarf regluverk þannig að innviðafjárfestingar falli ekki undir þrönga skilgreiningu óskráðra fjármálagerna.
- Íslenskir lífeyrissjóðir eiga lítið sem ekkert í innviðum eins og samgöngumannvirkjum, vegum, höfnum, flugvöllum og heldur ekkert í heilbrigðis- eða menntakerfinu.
- Með fjárfestingu annarra en ríkis og sveitarfélaga í innviðum verður arðsemiskrafa skýrari og losnar um fjárbindingu opinberra. Opinberir aðilar hafa þá aukið svigrúm til að efla aðra mikilvæga þætti opinberrar þjónustu.
- Stjórnun innviðafjárfestinga og framkvæmd þeirra er vanmetið verkefni og vannýtt tækifæri.



Þess vegna innviðafjárfestingar !

- Fjárfesting í innviðum **eykur samkeppnishæfni** landa og styður við **aukinn hagvöxt** með **aukinni framleiðni** hins opinbera og einkageirans, **fjölgar störfum og bætir lífskjör.**

Úr árskýrslu OECD 2015

- Fjárfesting í innviðum hefur verið vanrækt víða hér á landi og nauðsynlegt er að fleiri en ríkið taki virkan þátt í innviðafjárfestingum. Með því má
 - **hraða** verkefnum,
 - gera þau **skilvirkari** og
 - **nýta fjármagn og stjórnunarþekkingu** víðar að en frá ríkinu.